

HEIMSPEKI MEÐ BÖRNUM OG UNGLINGUM

Þróun samræðufélags

Í ungu samræðufélagi...	Í þroskuðu samræðufélagi...
... stjórnar kennarinn ferlinu.	... deila nemendur og kennarar ábyrgð á ferlinu.
... er kennarinn ráðandi í samræðunni, til dæmis með því að spyrja nemendur spurninga.	... eykst hlutur nemenda, þeir spyrja meira og byggja á orðum hver annarra.
... kynnir og notar kennarinn tungutak gagnrýninnar samræðu.	... nota nemendur tungutak gagnrýninnar samræðu.
... metur kennarinn framlag nemenda og starf hópsins.	... meta nemendur sína eigin frammistöðu, frammistöðu annarra í hópnum og almennar framfarir samræðufélagsins.
... er kennarinn lykilpersóna í tengslanetinu: kennari – nemandi – kennari – nemandi -...	... eiga nemendur stærri þátt í tengslanetinu: kennari – nemandi – nemandi – nemandi – kennari - ...
... eru kveikjurnar sögur og námsefni sem kennarinn velur.	... koma kveikjurnar úr ýmsum áttum og eru stundum valdar af nemendum.
... notar kennarinn áður birtar kennsluleiðbeiningar og verkefni.	... þróar kennarinn eigið kennsluefni.
... er megináherslan lögð á að starfa í samræðufélagi.	... er starfsvettvangurinn sveigjanlegur, hópvinna, vettvangsheimsóknir, skýrslugerð og fleira bætist við samræðufélagið.
... er kennarinn heimspekilega óvirkur, þ.e. hann sýnir ekki eigin skoðanir og þekkingu.	... er kennarinn heimspekilega virkur, þ.e. hann tekur þátt í samræðunni á jafnræðisgrundvelli við nemendur og getur því lagt sínar skoðanir til málanna.
... er heimspekilega samræðan bundin við kennslustundina.	... nær heimspekilega samræðan út fyrir kennslustundir, t.d. inn í þælingabækur og aðra heimavinnu, [og jafnvel inn í aðrar námsgreinar].